



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 97. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 22. ágúst 2011 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mættir: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Styrkur JHFÍ 2011.

Fimm umsóknir bárust um styrk félagsins að þessu sinni, en árin 2010-2012 styrkir félagið árlega íslenskan doktorsnema í jarðhitatengdum fræðum um allt að kr. 350.000, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu. Á fundinum var fjallað um umsóknirnar sem allar voru sterkar og valið því ánægjulegt en erfitt. Niðurstaðan varð að veita styrkinn að þessu sinni Ásbjörgu Kristinsdóttur, doktorsnema við verkfræði- og viðskiptafræðideildir Massachusetts Institute of Technology. Doktorsverkefni Ásbjargar þótti sérstaklega áhugavert og hagnýtt, en þar leggur hún áherslu á áhættugreiningu og ákvarðanatöku fyrir virkjanaframkvæmdir og miðar að því að kortleggja þær áhættur sem geta haft áhrif á framgang virkjanaframkvæmda, á sviði gæða, kostnaðar og tíma. Ásbjörg mun sækja European Future Energy Forum í Genf í Sviss dagana 10.-12. október og mun hún m.a. kynna rannsókn sína þar. Öllum umsækjendum er jafnframt þakkað fyrir þeirra umsóknir og þau hvött til að sækja aftur um að ári, ef við á.

### 3. Haustfundur 2011.

Áfram rætt um hugsanleg umfjöllunarefni haustfundar JHFÍ, m.a. um tengingu við fundi GEORG um Deep Roots of Geothermal Systems og þá t.d. með áherslu á sjálfbærni jarðhitanytingar, og um rammaáætlun. Áhugi á rammaáætlun en þar sem drög að þingsályktun voru nýkomin fram var ákveðið að fresta umræðunni til næsta fundar og meta þá hvort skortur sé á umræðu um einhverja þætti tillögunnar.

### 4. Tillaga frá vorkundi.

Tekin var fyrir tillaga sem vorkundur beindi til stjórnar, en á fundinum lagði Lárus Eliasson til að félagið samþykkti ályktun þar sem skorað væri á stjórnvöld að setja saman starfshóp stjórnvalda ásamt Samorku þar sem farið væri yfir leyfisveitingamál í jarðhitageiranum með það að markmiði að gera þann feril áreiðanlegri og skilvirkari. Tillagan er nánast samhljóða erindi sem stjórn félagsins sendi forsætisráðherra í framhaldi af aðalfundi samtakanna 2010, en bréfið var dagsett 30. ágúst 2010. Engin viðbrögð hafa borist við bréfinu og var formanni og ritara falið að ítreka erindið við forsætisráðherra.

### 5. Erindi um stofnun Jarðhitafélags Norður Evrópu.

Þann 5. ágúst barst félaginu erindi frá Jan Hautmann þar sem fram kemur að hann starfi að stofnun Jarðhitafélags Norður Evrópu og spyrst fyrir um hugsanlegt samstarf við JHFÍ., jafnframt því sem hann óskar frekari upplýsinga um starfsemina. Ákveðið að ritari sendi Hautman upplýsingar um JHFÍ og inni hann eftir markmiðum fyrir umrætt samstarf.

### 6. Önnur mál.

Ákveðið að taka upp rafræna bankainnheimtu félagsgjalda, en að innheimtukostnaður (kr. 115) leggist a.m.k. að sinni ekki ofan á félagsgjöldin. Gjaldkeri mun afla kennitalna þar sem þær vantar í félagsskrá.

Fundi slitið kl. 15:55. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---